

ingu dóms þessa. Loks greiði þeir allan kostnað sakarinnar in solidum.

En með því að hér er um fyrsta afbrot ákærða Karls að ræða, hann er ungur og hið stolna er mjög litils virði, þá þykir mega ákveða að fangelsisrefsing hans skuli vera skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga nr. 39, frá 16. nóvember 1907, ef hann greiðir hinar ídæmdu skaðabætur á tilteknum tíma.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 18. des. 1931.

Nr. 71/1931. **Sigurður Sigurðsson** (Sjálfur)

gegn

Eyjólfi Jóhannssyni (Sjálfur).

Ábyrgðaryfirlýsing áfrýjanda eigi talin hafa gefið stefnda næga ástæðu til að ætla, að áfrýjandi vildi ábyrgjast umrætt víxillán, og áfrýjandi því sýknaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1931: Stefndur, Sigurður Sigurðsson, greiði stefnand-anum, Eyjólfi Jóhannssyni, kr. 500,00 með 5% ársvöxtum frá 26. sept. 1930 til greiðsludags og kr. 84,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir réttinum, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður bæði í héraði og hæstarétti. Stefndi krefst þess hinsvegar aðallega, að málinu verði vísað frá hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar í hæstarétti.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að áfrýjandi hafi samið við málflutningsmann sinn (stefnda) í héraði um greiðslu á dómkröfunni. Þessari staðhæfingu stefnda hefir áfrýjandi mótmælt sem rangri, og þar sem stefndi hefir engar sannanir fært fyrir henni, verður krafa þessi eigi tekin til greina.

Hér fyrir réttinum hefir áfrýjandi skýrt svo frá tildrögum að ábyrgðaryfirlýsingu sinni 1. júní 1929, að Helgi Valtýsson hafi nokkru áður komið til sín á skrifstofu Búnaðarfélagsins og verið þar að ræða um lántöku úr Ræktunarsjóði til jarðabóta á eignarjörð hans Nesjavöllum, hverjar jarðabætur mundu þar arðvænlegastar og hvernig þeim ætti að koma fyrir. Nokkru síðar hafi hann ritað sér bréf það, er lagt hefir verið fram í málinu, dags. 1. júní 1929; hafi hann í því beðið sig að gerast ábyrgðarmaður á allt að 500 kr. kr. „af láni því, er ég sæki um til ræktunar og umbóta á eignarjörð minni Nesjavöllum“. Hafi áfrýjandi þá litið svo á, að Helgi hefði von um að fá lán úr Ræktunarsjóði til jarðabóta á Nesjavöllum, ef hann gæti fengið ábyrgðarmenn fyrir nægilegri upphæð, og þar sem hann hafi viljað stuðla að ræktun landsins, hafi hann viljað verða við þessari bón Helga. Hitt hafi sér aldrei til hugar komið að gerast ábyrgðarmaður að vixillánum Helga Valtýssonar. Gefi ábyrgðaryfirlýsing sín, lesin í sambandi við bréf Helga alls ekkert tilefni til þess, að stefndi hafi getað vænzt þess, að áfrýjandi vildi með þessari yfirlýsingu gerast ábyrgðarmaður gagnvart honum á vixilskuld Helga. Auk þess hafi Helgi í nefndu bréfi lofað að setja ábyrgðmönnum sínum að jarðabotaláningu 10000 kr. líftryggingu að

bakábyrgð. Hafi því verið nægt tilefni fyrir stefnda að grennslast eftir, hvort þetta væri komið í kring, og loks heldur áfrýjandi því fram, að Helgi Valtýsson hafi alls ekkert gert að jarðabótum eftir 1. júní 1929 og stefnda hafi verið fullkunnugt um, að umræddu víxilláni hafi ekki átt að verja til jarðabóta.

Yfirlýsing áfrýjanda, sem rituð er á nefnt bréf Helga Valtýssonar, verður eigi skilin á annan veg en þann, að áfrýjandi bindi ábyrgðarloforð sitt við lán það, er ræðir um í bréfinu, þ. e. samábyrgð pro rata alltað 500 kr. af láni því, er Helgi ætli að sækja um til ræktunar og umbóta á eignarjörð sinni, en þetta skilyrði uppfyllir eigi víxillán það, er stefndi veitti Helga 2. okt. 1929 og mátti þó stefnda vera það ljóst af bréfinu og orðalagi yfirlýsingarinnar, sbr. orðin: „af ofanefndu láni“, að það var veruleg forsenda fyrir ábyrgðinni, að lánið væri tekið til ræktunar og umbóta á jörðinni. Það verður því að lita svo á, að stefndi hafi ekki haft næga ástæðu til að ætla, að áfrýjandi vildi gerast ábyrgðarmaður að umræddu víxilláni, og er þá eigi heimild til að dæma áfrýjanda til að greiða víxilupphæðina.

Af þessari ástæðu verður að fella hinn áfrýjanda dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Með því að áfrýjandi mætti eigi við sáttaumleitunina í málinu, og hefir þó ekki svo séð verði af skjölum málsins, forföllum verið til að dreifa, bar að dæma hann til að greiða málskostnað í héraði svo sem undirdómarinn hefir gert; hinsvegar ber honum málskostnaður í hæstarétti, og þykir þá rétt að láta þetta mætast og láta málskostnað í báðum réttum falla niður, en dæma verður áfrýjanda samkv. tilsk. 11. ágúst 1819 til að greiða sekt í ríkissjóð, er ákveðst 10 kr. og komi í hennar stað 2ja daga ein-

falt fangelsi, verði hún eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurður Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Eyjólf Jóhannssonar, í máli þessu, og á málskostnaður í báðum réttum að falla niður.

Áfrýjandi greiði 10 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 2ja daga einföldu fangelsi, verði hún eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, og ber dóminum að þessu leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. okt. f. á., af Eyjólf Jóhannssyni rakarameistara hér í bæ, gegn Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra, hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 500,00 með 6% ársvöxtum frá 2. apríl f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins kr. 84,00.

Tildrög máls þessa kveður stefnandi þau, að hann hafi lánað Helga Valtýssyni kr. 500,00 á þann hátt, að kaupa af honum eigin vixil með þessari upphæð, útgefinn 2. okt. 1929 og með gjalddaga 2. apríl f. á. Hafi Helgi með yfirlýsingu, dags. 2. okt. 1929, selt sér að handveði fyrir láninu ábyrgðarskjal stefnds (en öll þessi gögn hafa verið lögð fram í málinu), dags. 1. júlí 1929, þar sem stefndur takist á hendur ábyrgð á kr. 500,00 af láni, sem Helgi hafi ætlað að taka til ræktunar og umbóta á eignarjörð sinni, Nesjavöllum við Þingvallavatn, en einmitt í þeim tilgangi kveður stefnandi Helga hafa fengið umrætt lán. Á gjalddaga vixilsins, kveður stefnandi Helga ekki hafa innleyst hann

og þar sem Helgi sé algerlega eignalaus og það sé sannreynt með árangurslausri fjárnámsgerð, þá sé ábyrgð stefnds orðin gjaldkræf, en stefndur hafi reynzt ófánlegur til þess að greiða skuldina og sé því mál þetta höfðað.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, eða hann verði algerlega sýknaður í því og málskostnaðar hefir stefndur krafizt, hvornig sem málið fer. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt sérstaklega öllum varnarástæðum stefnds og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Frávísunarkröfuna byggir stefndur á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Telur hann, að stefnandi muni ekki vera raunverulegur eigandi áðurnefnds víxils, þar sem víxillinn sé gefinn út til handa Landsbankanum í Reykjavík, en bankinn hafi ekki framselt hann. Stefnandi hefir hinsvegar eins og áður er dregið á eindregið mótmælt því að um aðildarskort sé að ræða, en ef svo væri mundi aðildarskorturinn varða sýknu en ekki frávisun og hafi frávisunarkrafa stefnds því ekki við nokkur rök að styðjast. Til sönnunar því, að stefnandi sé réttur eigandi umrædds víxils, hefir hann þó lagt fram yfirlýsingu frá Landsbankanum þess efnis, að hann hafi ekki keypt víxilinn, svo og vottorð frá Helga Valtýssyni, undirskrifað í viðurvist tveggja votta, er báðir hafa verið leiddir sem vitni að undirskrift hans á þá leið, að stefnandi hafi keypt víxilinn og greitt hann með nafnverði, en við kaupin hafi aðeins láðst að breyta texta víxilsins, er skrifaður hafi verið á venjulegt Landsbankaeyðublað. Þykir stefnandi með þessum gögnum handhöfninni að víxlinum svo og öðru, sem fyrir liggur í málinu, hafa upplýst nægilega rétta aðild sína að víxlinum og verður því ofangreind varnarástæða stefnds ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefir stefndur véfengt það, að Helgi hafi undirskrifað áðurgreinda handveðsyfirlýsingu og haldið því fram, að handveðssetningin á ábyrgðarskjalinu sé því ekki í lagi, en þar sem stefnandi hefir leitt tvö vitni að undirskrift Helga undir veðsetningarskjalið og stefnandi hefir ábyrgðarskjalið í höndum, þykir þessi mótbára stefnds heldur ekki hafa við rök að styðjast.

Þá hefir stefndur krafizt sýknu á þeim grundvelli, að ábyrgðin sé ógild gagnvart stefnanda. Í ábyrgðarskjalinu

komi það greinilega fram, að ábyrgðin hafi verið bundin því skilyrði, að lánið, sem hún ætti að tryggja yrði tekið hjá banka eða opinberum sjóði, en ekki hjá einstaklingi og hafi stefnanda því hlotið að vera kunn þessi forsenda fyrir ábyrgðinni. Telur stefndur, að stefnandi hafi því ekki með umræddri lánveitingu getað öðlazzt neinn rétt á hendur sér sem ábyrgðarmanni. Það verður nú ekki fallizt á það hjá stefndum, að skjal það, sem stefndur hefir ritað ábyrgðarloforð sitt á (beiðni Helga til stefnds um ábyrgðina) beri að skilja á þá leið, sem stefndur heldur fram hér að fram- an. Þvert á móti tekur Helgi það fram í beiðninni, að svo mikið hvíli á jörðinni, sem lánið átti að ganga til umbóta á, að hann geti eigi notið hlunninda þeirra, er búnaðar- löggjöfin heimilar með lánnum og styrkveitingum úr Jarð- ræktarsjóði o. fl. og gefur með því ótvírætt í skyn, að hann fái ekki lánið úr banka eða opinberum sjóði, enda alkunn- ugt, að slíkar lánsstofnanir lána ekki út á samábyrgð, sem er pro rata, eins og hér um ræðir, heldur aðeins solida- riska. Hefir stefnandi því, að áliti réttarins, haft fulla á- stæðu til þess að ætla að ábyrgð stefnds gildi engu síður gagnvart einstökum manni en opinberri lánsstofnun, og verður þessi sýknuástæða stefnds þá ekki tekin til greina.

Loks hefir stefndur haldið því fram, að þó ábyrgðin yrði talin gild, þá sé hér um einfalda ábyrgð að ræða. Hafi stefnandi því fyrst átt að ganga að Helga Valtýssyni fyrir skuldinni, en þar sem hann hafi enn ekki gert það, sé á- byrgðin ekki fallin í gjalddaga gagnvart sér og varði það sýknu í málinu að svo stöddu. Það er in confesso í málinu að aðalskuldarinn, Helgi Valtýsson, sé „insolvent“ og stefndur hefir ekki mótmælt því, að hjá honum hafi farið fram árangurslaus fjárnámsgerð, er sýnt hafi, að hann eigi ekkert til. Má því telja sannreynt, að skuldin sé ekki fá- anleg hjá aðalskuldaranum og er þá ekkert því til fyrir- stöðu, að gengið sé að ábyrgðarmanninum (stefndum) fyr- ir henni, þar sem hún sjálf er í gjalddaga fallin.

Úrslit máls þessa verða þá samkvæmt framansögðu þau, að mótmæli stefnds verða ekki tekin til greina, heldur ber að dæma hann til þess að greiða stefnandanum hina um- stefndu upphæð kr. 500,00, en með vöxtum aðeins frá sáttakærudegi 26. sept. f. á. og ekki hærri en 5%, þar eð vöxtunum hefir verið mótmælt sérstaklega. Eftir þessum

úrslitum, svo og þar sem stefndur hefir ekki mætt á sáttafundi í málinu, þykir verða að dæma hann til þess að greiða stefnandanum málskostnað, eins og krafizt hefir verið.

Vegna anna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrri en nú.

Laugardaginn 19. des. 1931.

Nr. 26/1931. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Bernhard Kramer (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 29. jan. 1931: Kærði, Bernhard Kramer, á innan fjögur vikna að greiða 15.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána bana með átta mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum J. H. Wilhelms, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Laugardaginn 24. janúar s. l. var varðskipið Óðinn á ferð vestur með landi út af Sjávarmelum. Kl. 11,45 sást frá varðskipinu til tveggja togara, er þá virtust hafa austlæga stefnu, en sneru út frá landinu kl. 11,58. Kl. 12,07 var þessi staðarákvörðun gerð á varðskipinu:

Alviðruhamarsviti

> 54° 50'

Sjávarmelamerki

> 69° 30'

Suðurendi Lómagnúps